



**Guðfinna Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur: Áhrif frá Jóni Sigurðssyni á atvinnuuppbygginguna á Vestfjörðum í byrjun 20. aldar.**

Erindi flutt á vegum Samtaka atvinnulífsins á Akureyri 25. mars 2011 í tilefni af 200 ára afmæli Jóns.

Fundarstjóri, ágætu fundargestir.

Fyrir rúmum 150 árum var gefið út á Akureyri merkilegt blað sem *Norðri* hét. Efni blaðsins voru aðallega innlendar og erlendar fréttir og þá helst þær sem tengdust Norður- og Austurlandi, eins og gefur að skilja. Ritstjórnarnir fylgdust einnig vel með ýmsum málum er til framfara gátu horft fyrir landsmenn og ætla ég að hefja þetta erindi á frétt sem birtist í blaðinu 16. júlí 1853:

19 þiljuskip eru nú sögð í Ísafjarðarsýslu, og vottar það meðal annars, hve miklir atorku - og áræðismenn Vestfirðingar eru. Þeir eru og sagðir meðal hinna mestu sjómanna á Íslandi, og sjósókn þeirra hin harðfengasta, og þeir hér á landi sem besta hafa kunnáttu og áhöld til siglinga, og til að fara landa á milli, og standa því næstir að geta stofnað verslun og félagsskap við önnur lönd, komist það nokkurn tíma á, að öðrum en Dönnum einum leyft verði annmarkalaust að eiga kaup við Íslendinga. Það væri því æskilegt að hinir fjórðungarnir, einkum Norðlendingafjórðungur, vildi nú fara að manna sig upp og eignast haffær skip, sem þeir gætu haft til fiski- og hákallaveiða; því það má heyra merkilegt, að einungis eitt þiljuskip skuli vera til í öllum fjórðungnum ... (*Norðri*, 16. júlí 1853, 52)

Í árslok 1855 flytur blaðið fleiri fréttir að vestan og segir:

Frá Ísafirði fluttust næstliðið sumar til annarra landa fullar 600 lestir vöru, sem metið var til 200.000 rd., en fyrir 5 árum síðan fluttust þaðan aðeins vörur fyrir 46-50.000 rd. Þetta er víst dæmalaus uppgangur í einum verslunarstað hér á landi. (*Norðri*, 1. des. 1855, 96)

Fleiri blöð fluttu svipaðar fréttir að vestan. Í júní 1853 segir *Þjóðólfur*:

Á Skutulsfirði voru byggð í fyrra, fjögur ný timburhús frá stofni, en sex á að reisa þar ný í sumar, svo að sá kaupstaður er í miklum uppgangi ... (*Þjóðólfur*, 11. júní 1853, 96)

Þessar fréttir eru að ýmsu leyti lýsandi fyrir viðhorf margra Íslendinga til Ísafjarðar um þetta leyti. Vöxtur byggðarinnar á Skutulsfjarðareyri var þá mjög ör og fólki fjölgaði þar svo hratt að með eindæmum þótti. Þessi mikli vaxtarkippur hófst upp úr 1845 en það ár voru íbúar á Ísafirði 43 talsins. Tíu árum seinna voru þeir orðnir 178 og fjölgaði hratt eftir það alla 19. öldina og langt fram á þá tuttugustu.

En hvað var að gerast vestur á Ísafirði um 1850 sem orsakaði þessa þróun og varð tilefni blaðaumfjöllunar? Einfaldlega alveg ótrúlega margt. Og auðveldlega má sjá áhrif Jóns Sigurðssonar skína þar í gegn, ekki síst þegar horft er á samskipti hans við áráðinn hákarlaskipstjóra innan úr Ísafjarðardjúpi sem sumarið 1852 hóf verslunarrekstur á Ísafirði. Seinna sama sumar skrifaði hann vini sínum í Kaupmannahöfn og sagði:

Ég er kominn langt með að byggja mér hús, - búinn að taka borgarabréf, og farinn að versla, - og sýnist gott um meðan ég þarf ekki að selja dýrara en

aðrir. Mig langaði til að fara á Öxarárfundinn sem á að halda á morgun en gat ekki komist til þess, því að núna fyrir fáum dögum kom hingað spekúlant sem ég varð að versla við fyrir 16–1700 rd. því að allt gera þeir föstu kaupmennirnir hér, til að reyna að kyrkja okkur, en við höfum verið og erum enn dálítið lífsseigir. (*Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 2004*, 176)

Saga Ásgeirsverslunar var hafin en hún átti eftir að verða mikilvægur þáttur í uppbyggingu Ísafjarðarkaupstaðar og þá ekki síður íslensks efnahagslífs, þar sem fyrirtækið átti fyrir sér að verða stærsta verslunarfyrirtæki Íslands á sínum tíma. Náin tengsl voru á milli starfsemi Ásgeirsverslunar og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga í tíð þeirra Ásgeirs Ásgeirssonar skipherra og Jóns Sigurðssonar forseta. Þau tengsl voru í senn vináttubönd er tengdu tvo nána vini og pólitísk tengsl tveggja samherja. Árangursins sá einkum stað í atvinnumálum og ekkert íslenskt fyrirtæki á 19. öld verðskuldar fremur að kallast tákngevingur sjálfstæðisbaráttunnar í atvinnumálum en Verslun Á. Ásgeirsson.

Upphaf Ásgeirsverslunar átti sér hins vegar nokkurn aðdraganda sem rekja má allt aftur til ársins 1787 þegar einokunarverslun Dana á Íslandi lauk með setningu svokallaðra fríhöndlunarлага. Þó áfram væru miklar hömlur á versluninni, þá markaði hún ákveðin tímamót því með henni hófst nútímasaga íslenskrar kaupmanna- og borgarastéttar. Fyrstir til að nýta sér að nokkru ráði aukið frelsi í verslunarmálum voru m.a. þeir Bjarni Sívertssen í Hafnarfirði, Ólafur Thorlacius á Bíldudal og Guðmundur Scheving í Flatey. Þeir áttu það sameiginlegt að byggja verslunarrekstur sinn öðru fremur á sjávarútvegi og verslun með sjávarafurðir, aðallega hákarlalýsi. Þeir höfðu einnig forystu um þær framfarir sem á þessum árum hófust í sjávarútvegi þegar þeir tóku að sækja fiskinn á þilskipum í stað árabáta. Þeir gerðu sér fulla grein fyrir þeirri auðlind sem fiskimiðin við landið voru og hvað þurfti til að nýta hana. Guðmundur

Scheving skrifaði um þilskipaútgerð í ritið *Ármann á Alþingi* árið 1832 og sagði þar m.a.:

Þótt að hafið, sem umgyrðir land vort, geymi mikla björg og mikil auðæfi, höfum vér þó hingað til eptirlátið útlendum þjóðum, Hollendingum og Frökkum, að sækja þessa björg og þessi auðæfi í náðum. Þeir hafa vitað, að vér sátum í fjörusteinunum og höfðum eigi áræði til að fara nema með annan fótinn út í sjóinn, og því hafa þeir komið siglandi hundruðum saman, með hús sín og heimili, sunnan úr heimi, til að sækja auðæfin til vor, á meðan vér sitjum í fjörunni og sjóðum vorn litla feng, og horfum á þá með undran og lotningu. (*Ármann á Alþingi*, 1. jan. 1832,86)

Mun óhætt að segja að þeir Guðmundur Scheving og Ólafur Thorlacius hafi fest þilskipaútgerð í sessi sem atvinnuveg með þjóðinni. Höfðu þessir tveir menn þau áhrif að á næstu árum var farið að gera út þilskip víða á Vestfjörðum, m.a. við Ísafjarðardjúp. Um það leyti sem Jón Sigurðsson hóf afskipti af málefnum Íslendinga höfðu Vestfirðingar tekið afgerandi forystu í þilskipaútgerð. Árið 1845 áttu þeir orðið 36 þilskip og höfðu því greinilega unnið markvisst að því að komast með báða fætur úr fjöruborðinu.

Jón Sigurðsson notaði hvert tækifæri til að hvetja landa sína til dáða í atvinnumálum og lagði ríka áherslu á nauðsyn bættra verslunarháttanna og eflingu sjávarútvegs. Þar var helst von til framfara er gætu skilað þjóðinni í átt að efnahagslegu sjálfstæði. Hann var kosinn þingmaður Ísafjarðarsýslu árið 1844 og sigldi til Íslands sumarið 1845 til þess að sitja Alþingi. Í þeirri ferð heimsótti hann kjördæmi sitt og fundaði með kjósendum, m.a. á Ísafirði. Var sá fundur vel sóttur og komu þangað menn víðs vegar úr sýslunni. Ásgeir Ásgeirsson frá Arngerðareyri, fæddur 1817, var einn þeirra sem mætti á fundinn og var það upphaf kynna þeirra Jóns. Ásgeir hafði frá unga aldri stundað sjómennsku og var

snemma falin formennska. Skömmu eftir 1840 tók hann við stjórn á þilskipi og var þá ólærður að öllu öðru leyti en því, sem reynslan hafði kennt honum. Haustið 1846 sigldi Ásgeir til Danmerkur til náms í sjómannafræðum og varð fljótt tíður gestur í húsum Jóns. Tókst með þeim vinátta sem hélst meðan báðir lifðu. Er augljóst að Jón hefur haft mikil áhrif á Ásgeir og margar athafnir hans, eftir að hann kom heim aftur, voru í anda hugmynda Jóns og eflaust með hans hvatningu. Ásgeir átti stóran þátt í uppbyggingu þess þéttbýlis sem myndaðist á Skutulsfjarðareyri og það er því rétt að fylgja hér aðeins lífshlaupi hans, ekki síst til að draga fram hlut Jóns Sigurðssonar í þeirri uppbyggingu.

Ásgeir lauk skipstjórnarnámi námi vorið 1847 og sigldi heim á þilskipi sem hann hafði fest kaup á í Danmörku. Þá um sumarið sigldi Jón einnig til að sitja þing. Aftur lagði hann leið sína vestur og hélt m.a. fund á Ísafirði þar sem hann kom inn á mjög mikilvægt mál sem var bætt meðferð fisks og verkun sjávarafla. Að hans dómi var brýn nauðsyn á umbótum í þessum efnum því ekki væri allt fengið með því að færa sem mestan afla að landi. Ekki skipti minna máli að varan væri eftirsóknarverð vegna gæða. Vísasti vegurinn til að fá hátt verð fyrir fiskinn væri að vanda á allan hátt meðferð hans og verkun. Hvatti Jón Vestfirðinga til að hafa forystu um bættu fiskverkun og var niðurstaðan sú að á fundinum var kosin fiskverkunarnefnd sem vann svo að málinu í samstarfi við kaupmenn á staðnum. Skilaði þetta sér í mun betri vöru og treysti aðstöðu Íslendinga á saltfiskmarkaðnum. Þótti vestfirskur saltfiskur bera af öðrum saltfiski og var eftirsóknarverð vara á útlendum mörkuðum. Byggðu aðrir landsmenn síðan á þessari reynslu og kunnáttu.

Eftir heimkomuna hélt Ásgeir þilskipi sínu til hákarlaveiða enda hagnaðarvonin þar mest. Ekki leið á löngu þar til hann tók að leita fyrir sér um möguleika á að stofna félagsskap um verslun og útgerð á Ísafirði. Ræddi hann einkum við bændur í Djúpinu og tóku margir líklega í málaleitan hans. Má telja sennilegt að

Jón og Ásgeir hafi unnið saman að undirbúningi þessa máls því tilraun Ásgeirs var í fullu samræmi við skoðanir og vilja Jóns, sem hvað eftir annað hafði rætt og ritað um verslunarsamtök. Þegar kom að því að ganga formlega frá stofnun verslunarfélagsins, tóku menn hins vegar smám saman að skerast úr leik enda höfðu kaupmenn á Ísafirði, sem allir voru danskir, brugðist við hættunni með því að fara um sveitir þar sem þeir hittu bændur og skorti þar víst hvorki að fögur orð og girnileg fríðindi væru í boði. Ásgeir brást við þessu mótlæti með því hlaða skip sitt með fiski sjálfs síns og þeirra fáu útvegsbænda sem forsjá hans vildu hlíta, og lét í haf. Gerði hann góða ferð, hafði vetursetu í Danmörku og kom næsta vor til Ísafjarðar með töluverðan varning fyrir sjálfan sig og aðra. Hélt hann svo áfram hákarlaveiðunum en afli var tregur og var hagur hans þá ekki betri en svo að hann fékk naumast þá úttekt hjá kaupmönnum sem hann þurfti. Var hvort tveggja að þeir voru honum andvígir fyrir verslunarfélagshugmyndir hans og að efnin höfðu gengið mjög til þurrðar við námið og þilskipakaupin. Mun Ásgeir þá að hafa strengt þess heit að leita ekki frammar á náðir Ísafjarðarkaupmanna. Haustið 1851 sigldi hann aftur utan með fisk og lýsi og kom heim vorið 1852, hlaðinn varningi, og opnaði sölubúð í Miðkaupstað á Ísafirði. Fór hún smám saman vaxandi eftir því sem árin liðu en samhliða rak hann útgerð og verkaði jöfnum höndum hákarlalýsi og saltfisk.

Ásgeir má með réttu kallast faðir fyrsta sjómannaskólans hér á landi. Þótt aðrir hafi orðið fyrri til að hreyfa hugmyndinni um stofnun slíks skóla, var þó einkanlega hans verk að koma honum á fót og enginn studdi starfsemi hans á borð við Ásgeir. Hann gerði sér fulla grein fyrir því að ein meginforsenda þess að þilskipaútgerð gæti vaxið og dafnað, voru menntaðir skipstjórnarmenn. Lítil og veikbyggð þilskip ásamt kunnáttuleysi höfðu valdið miklu tjóni á mönnum og skipum á fyrstu árum þilskipaútgerðarinnar. Aukin kunnátta sjómanna var vísasta leiðin til að auka öryggi þilskipanna en svo þurfti einnig að horfa til þess „hver hnekkir það yrði í framförum landsins, ef verslunarfrelsið kæmist á, og

þjóðin, eins og stendur í vísunni „ætlaði sér að eignast skip, og enginn kynni að sigla“.

Sjómannaskóli Ísfirðinga stofnaður á Ísafirði árið 1851 af nokkrum þilskipaeigendum, að frumkvæði Ásgeirs og í fullu samræmi við hugmyndir Jóns, eins og þær birtust í grein hans „Um skóla á Íslandi“ í *Nýjum félagsritum* 1842, þar sem hann lagði áherslu á þörfina á stofnun starfsgreinaskóla. Enda var það svo að þeir Jón og Ásgeir höfðu rætt málið ýtarlega í bréfum og sá Jón um að útvega ýmislegt er til skólahaldsins þurfti. Hafði skólinn varanleg áhrif sem gætti í ört vaxandi þilskipaútgerð, ekki einungis á Vestfjörðum, heldur um land allt.

Annað framfaramál sem Ásgeir átti stóran þátt í var stofnun fyrsta innlenda tryggingarfélagsins. Þeir sem urðu fyrir því óhappi að missa þilskip á þessum árum, urðu sjálfir að bera skaðann óskiptan því að tryggingar voru þá óþekktar hér á landi. Skipstapi gat þýtt gjaldþrot fyrir eigandann og það var síður en svo til að hvetja menn til að fjárfesta í þilskipum og þannig treysta undirstöður sjávarútvegsins. Sami hópur og stóð að stofnun sjómannaskólans á Ísafirði beitti sér fyrir stofnun ábyrgðarsjóðs fyrir þilskip árið 1853 enda var þeim ljóst, að eins og aukin kunnátta sjómanna var vísasta leiðin til að auka öryggi þilskipaútgerðarinnar, þá var nauðsynlegt að tryggja skipin þannig að eigendur gætu átt von á nokkrum bótum, yrðu þeir fyrir tjóni.

Hér hafa verið nefnd þrjú atriði sem höfðu mikla þýðingu fyrir eflingu þilskipaútgerðar á Ísafirði og stuðluðu þannig að öfluggu atvinnulífi og vexti bæjarins: menntun skipstjórnarmanna, ábyrgðarsjóður fyrir þilskip og bætt meðferð fiskaflans. Auk þess skipti miklu máli að um þetta leyti, eða þann 1. apríl 1855, fengu Íslendingar fullt verslunarfrelsi, sem hafði verið eitt af helstu baráttumálum Jóns Sigurðssonar. Þar með gátu þeir, beint og milliliðalaust,

stundað viðskipti við aðrar þjóðir en Dani og má segja að þilskipaútgerðin hafi þá fyrst náð sér almennilega á strik.

Þegar þilskipunum fjölgaði, jókst aflinn sem þau komu með að landi og fleira fólk þurfti í fiskverkunina. Frá miðri 19. öld og fram á fyrstu árutugi 20. aldar byggðist vöxtur og viðgangur Ísafjarðar öðru fremur á verkun og útflutningi saltfisks, sem var helsta og verðmætasta vara Ísafjarðarkaupmanna, ekki síst eftir að verð á hákarlalýsi lækkaði með tilkomu hvallýsis og steinolú. Saltfiskverkunin var miklu mannaflsfrekari en verkun hákarlalýsis og varð þessi breyting því í raun til þess að skapa grundvöll þéttbýlismyndunar á Skutulsfjarðareyri. Nægt vinnuafli var fyrir hendi því þjóðfélagsaðstæður voru þá með þeim hætti að landsmönnum hafði fjölgað svo mikið að sveitirnar gátu ekki lengur brauðfætt þá. Afleiðingin var sú að fólk freistaði þess að draga fram lífið á mölinni og lifa eingöngu af fiskveiðum og verkun sjávarafla. Hafði þetta afdrifaríkar afleiðingar fyrir þéttbýlismyndun hér á landi og var upphaf margra bæja og þorpa sem eru við lýði í dag. Vélvæðing íslenska bátaflotans, sem hófst á Ísafirði síðla árs 1902, markaði svo upphaf einhverrar mestu og skjótustu atvinnubyltingar, sem orðið hefur hér á landi og hafði mikil áhrif á mannlíf og byggðapróun víða um land.

En víkjum nú aftur að Ásgeiri. Þegar kom fram yfir 1860 tók hann upp þann sið að dveljast í Kaupmannahöfn á vetrum, en á Ísafirði á sumrum. Þá bar fundum þeirra Jóns Sigurðssonar oftast saman en áður og eflaust hafa þeir löngum rætt landsins gagn og nauðsynjar yfir þúnsbollu og góðum vindli. Ásgeir lést árið 1877 og tók sonur hans, Ásgeir Guðmundur, þá við rekstri fyrirtæksins, 21 árs að aldri. Ásgeir eldri virðist snemma hafa ákveðið að sonurinn tæki við fyrirtækinu því aðeins 12 ára gamlan tók hann soninn fyrst með sér utan og lét hann jafnan fylgja sér eftir það. Einhvern tímann sagði Ásgeir yngri frá því, og nefndi sem dæmi um hve fast hann þurfti að fylgja karli föður sínum, „að oft

hafi það verið, þá er þeir feðgar sátu heima hjá Jóni Sigurðssyni, að á meðan karlarnir sátu að sumbli langt fram á nótt og ræddu Íslands gagn og nauðsynjar, þá hafi hann sofnað fram á borðið með eplið, sem frú Ingibjörg hafði gefið honum, í hendinni.“ (*Vestri*, 3. maí 1918, 14)

Er óhætt að fullyrða að uppeldið hafi skilað tilætluðum árangri og veganestið var gott; stöndugt fyrirtæki og hugmyndafræði manna sem áttu stóran þátt í uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Stórfelldur vöxtur varð á Ásgeirsverslun undir stjórn Ásgeirs yngri. Hann var maður hins nýja tíma, djarfur og stórhuga, tilbúinn að hætta miklu til að eignast meira. Stefna hans var að efla fyrirtækið og stækka á alla lund og varð Ásgeirsverslun að stórveldi í hans tíð. Hér gefst ekki tími til að rekja þá sögu en þess má geta að í ársbyrjun 1915 var hrein eign Ásgeirsverslunar talin tæp ein milljón danskar krónur. Ef maður leikur sér að því að framreikna þetta skv. vísitölu neysluverðs án húsnæðis, þá væri þetta um 34 milljarðar danskar krónur í dag.

Ásgeir lést árið 1912 og í raun má segja að andlát hans hafi markað endalok fyrirtækisins. Nánustu ættingjar voru ekki tilbúnir að halda rekstrinum áfram og var Ásgeirsverslun seld Hinum sameinuðu verzlunum árið 1918. Íbúar Ísafjarðarkaupstaðar voru þá tæplega tvö þúsund og aðeins Reykjavík og Akureyri höfðu fleiri íbúa. Fastar verslanir voru 51, 49 íslenskar og 2 útlendar, næg verkefni voru fyrir iðnaðarmenn og ýmiss konar þjónusta blómstraði. Félags- og menningarlíf var með líflegasta móti og í það minnsta tvö blöð komu reglulega út í bænum. Umfram allt var nóg að gera og alltaf þörf fyrir vinnandi hendur á fiskreitunum sem þöktu alla eyrina. Útflutningsverðmæti afurðanna sem þarna urðu til var það mesta á landinu að Reykjavík einni undanskilinni.

Hér verður ekki dregið úr mikilvægi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem urðu þegar meirihluti þjóðarinnar yfirgaf sveitirnar og settist að við sjávarsíðuna. Ísafjörður

hefði án efa vaxið af þeim sökum einum, líkt og var tilfellið með gömlu verslunarstaðina á Vestfjörðum: Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfjörð. En þessir staðir náðu aldrei sömu stærð eða íbúafjölda og Ísafjarðarkaupstaður. Þar höfðu traustar undirstöður þegar verið lagðar sem byggja mátti á svo lengi sem auðlindin var fyrir hendi og markaðir til að selja á.

**Heimildir:**

*Ármann á Alþingi*, 1. janúar 1832, 86.

*Ársritið Gestur Vestfirðingur* 1. janúar 1848, 13.

Gils Guðmundsson: „Um Ásgeirsverzlunina á Ísafirði.“ *Vísir*, 24. desember 1943, 27–33.

Guðjón Friðriksson: *Jón Sigurðsson. Ævisaga*, I.–II. bindi. Reykjavík 2002–2003.

Jón Þ. Þór: „Ásgeirsverslun og sjálfstæðisbaráttan.“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* 2004. Ísafirði 2004.

Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna*, I.–IV. bindi. Ísafirði 1984–1990.

*Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1901–1911*. Reykjavík 1901–1912

Lúðvík Kristjánsson: *Vestlendingar*, I.–III. bindi. Reykjavík 1993–1995.

*Norðri*, 16. júlí 1853, 52 og 1. desember 1855, 96.

*Óðinn*, 1. maí 1913, 9.

*Skýrslur um landshagi*. Kaupmannahöfn 1858–1875.

*Verzlunarskýrslur Ísland 1908–1924*. Reykjavík 1910–1927

*Vestri*, 31. ágúst 1912, 133 og 3. maí 1918, 13–14.

*Þjóðólfur*, 11. júní 1953, 96.